

**Sterkur vöxtur þjónustutekna skilar sér í hækkun EBITDA, auknum hagnaði og betra sjóðstreymi**

## Helstu niðurstöður á fjórða ársfjórðungi:

- Heildartekjur voru 3.327 m.kr. á fjórða ársfjórðungi 2023 samanborið við 3.354 m.kr. á Á samanburðarári tekjufærði félagið einskiptislið að fjárhæð 39 m.kr. vegna sölu eigna, leiðrétt fyrir því er 0,05% tekjuvöxtur á milli ára
- Þjónustutekjur námu samtals 2.424 m.kr. og vaxa um 3,4% á milli ára
- EBITDA nam 961 m.kr. samanborið við 978 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári, EBITDA hlutfallið var 28,9% á fjórðungnum samanborið við 29,2% á fyrra ári
- Hagnaður fjórða ársfjórðungs var 182 m.kr. og hækkar um 3,9%
- Handbært fé frá rekstri á fjórðungnum er 1.010 m.kr. samanborið við neikvætt 110 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári

## Helstu niðurstöður ársins 2023:

- Heildartekjur voru 12.993 m.kr. á árinu 2023 samanborið við 12.641 m.kr. á árinu 2022 og vaxa um 2,8% milli ára
- Þjónustutekjur námu samtals 9.734 m.kr. og vaxa um 6,8% á milli ára
- EBITDA nam 3.979 m.kr. og hækkar um 9,4% á milli ára, EBITDA hlutfallið var 30,6% á árinu 2023 samanborið við 28,8% á fyrra ári
- Heildarhagnaður ársins 729 m.kr. og hækkar um 35% milli ára
- Hagnaður á hlut var 0,19 krónur, samanborið við 0,15 krónur 2022
- Eiginfjárhluftall félagsins var 40,04% og eigið fé nam 9.277 m.kr. í árslok
- Heildarfjárfestingar ársins 2023 voru 2.050 m.kr.

## Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- og forstjóri Nova:

„Við erum afskaplega stolt af niðurstöðu ársins 2023 og því uppgjöri sem við hjá Nova Klúbbnum erum að kynna. Við höldum áfram að fjárfesta í innviðum til að tryggja að við séum í forystu á markaðnum. Við höfum líka lagt verulega áherslu á að fjölga í hópi áncægðra viðskiptavina í farsíma- og netþjónustu, og það hefur tekist með því öflugra starfsfólki sem hjá Nova starfar.“

Við sjáum þetta raungerast í ársreikningi félagsins en þjónustutekjur námu samtals 9.734 m.kr og hafa vaxið um 6.8% milli ára eða um 624 m.kr. EBITDA hækkaði um 9,4% frá fyrra ári og nam samtals 3.979 m.kr. á tímabilinu. EBITDA hlutfall tímabilsins er 30,6% samanborið við 28,8% á sama tímabili á fyrra ári. Rekstrarhagnaður (EBIT) hækkaði um 13,1% frá fyrra ári og nam samtals 1.826 m.kr. Hagnaður tímabilsins var 729 milljónir og hækkar um 190 milljónir frá fyrra ári sem nemur 35% hækkun.

Uppbygging fjarskiptainniða er mikilvæg fyrir íslenskt samfélag og á síðasta ári voru fjölmörg mikilvæg verkefni framkvæmd. Uppbygging 5G hélt áfram og eru allir þéttbýlisstaðir yfir 400 íbúum nú með aðgang að 5G neti Nova og fjölgaði 5G sendum um 50% á árinu og voru 150 við árslok. Prófanir á 5,5G halda áfram og settum við íslandsmet í þráðlausum gagnahraða þar sem niðurhalshraði mældist 10 GÍG. Heildarfjárfestingar voru yfir 2 milljarðar á árinu og teljum við að fjárfestingar muni lækka á þessu ári enda mörgum mikilvægum verkefnum lokið.

Margir aðrir sigrar hafa unnist á árinu, og eru nokkur atriði sem standa uppúr. Nova var fyrirtæki ársins í stærstu vinnustaðarannsókn á Íslandi og Nova sigraði Íslensku áncægjuvögina 15. árið í röð og er eina fyrirtækið í sögu áncægjuvogarinnar sem hefur unnið 15 ár í röð með marktækum mun. Nova liðið er lykkillinn að öllum árangri félagsins. Vel heppnuð markaðssetning, góð þjónusta og forysta í innleiðingu nýjustu tækni hefur skilað Nova sterkri markaðshlutdeild og áncægðum og tryggum viðskiptavinum. Allir þessir þættir ásamt einstökum hópi starfsfólks hefur skilað félaginu miklum ávinningi og tekjuvexti undanfarin ár og er góður grunnur fyrir framtíðina.“


## Helstu niðurstöður í rekstri ársins:

### Tekjustofnar

	4F 2023	4F 2022	Breyting	%
FlakkNet	1.523	1.505	19	1,2%
FastNet	901	840	61	7,2%
Vörusala	592	643	-51	-8,0%
Aðrar tekjur	311	366	-56	-15,2%
Heildar rekstrartekjur	3.327	3.354	-27	-0,8%

	12M 2023	12M 2022	Breyting	%
FlakkNet	6.177	5.840	337	5,8%
FastNet	3.557	3.270	287	8,8%
Vörusala	1.985	2.220	-234	-10,6%
Aðrar tekjur	1.274	1.312	-38	-2,9%
Heildar rekstrartekjur	12.993	12.641	352	2,8%

Heildartekjur ársins hækkuðu um 2,8% frá fyrra ári og námu samtals 12.993 m.kr. Þjónustutekjur, sem samanstanda af tekjum frá viðskiptavinum á FlakkNeti og FastNeti, námu samtals 9.734 m.kr. og vaxa um samtals 624 m.kr. sem er 6,8% vöxtur á milli ára. Þessi tekjuvöxtur skýrist fyrst og fremst af áframhaldandi fjölgun viðskiptavina bæði í farsíma- og netþjónustu, sem og aukningu í reikitekjum af ferðamönnum. Vörusölutekjur námu samtals 1.985 m.kr. og dragast saman um 234 m.kr. sem er 10,6% lækkun á milli ára en framlegð helst óbreytt. Aðrar tekjur nema samtals 1.274 m.kr. og dragast saman um 38 m.kr., eða um 2,9% á milli ára. Á síðasta ári tekjufærði félagið einkislið vegna sölu eigna upp á 39 mkr. á fjórða ársfjórðungi, leiðrétt fyrir því væru aðrar tekjur óbreyttar á milli ára.



Nánari skýringar um tekjuflokka má finna aftast í þessu skjali.

## Rekstrarreikningur

	4F 2023	4F 2022	Breyting	%	12M 2023	12M 2022	Breyting	%
<b>Heildarrekstrartekjur</b>	<b>3.327</b>	<b>3.354</b>	<b>-27</b>	<b>-0,8%</b>	<b>12.993</b>	<b>12.641</b>	<b>352</b>	<b>2,8%</b>
Kostnaðarverð seldra vara	1.685	1.738	-53	-3,0%	6.391	6.458	-67	-1,0%
Laun og launatengd gjöld	459	476	-17	-3,5%	1.796	1.710	86	5,0%
Annar rekstrarkostnaður	221	162	60	36,9%	827	837	-10	-1,1%
<b>Heildarrekstrargjöld</b>	<b>2.366</b>	<b>2.376</b>	<b>-10</b>	<b>-0,4%</b>	<b>9.014</b>	<b>9.005</b>	<b>9</b>	<b>0,1%</b>
EBITDA	961	987	-18	-1,8%	3.979	3.636	342	9,4%
EBITDA%	28,9%	29,2%	-0,3%	-1,0%	30,6%	28,8%	1,9%	6,5%
Afskrifir	(-563)	(-552)	(-10)	-1,8%	(-2.152)	(-2.021)	(-131)	6,5%
<b>Rekstrarhagnaður</b>	<b>398</b>	<b>426</b>	<b>(-28)</b>	<b>-6,5%</b>	<b>1.826</b>	<b>1.615</b>	<b>211</b>	<b>13,1%</b>
Fjármunatekjur og (fjármagnsgj.)	(-197)	(-208)	11	-5,3%	(-943)	(-943)	0	0,0%
Tekjuskattur	(-19)	(-43)	24	-55,0%	(-155)	(-133)	(-22)	16,3%
<b>Hagnaður tímabilsins</b>	<b>182</b>	<b>175</b>	<b>7</b>	<b>-3,9%</b>	<b>729</b>	<b>539</b>	<b>190</b>	<b>35,1%</b>
Hagnaður á hlut	0,049	0,046	0,003	-6,2%	0,19	0,15	0,04	28,6%

Heildar rekstrargjöld nema samtals 9.014 m.kr. og hækka um 0,1% á milli ára. Kostnaðarverð seldra vara nemur samtals 6.391 m.kr. og lækkar um 67 m.kr. á milli ára. Sú lækkun skýrist helst af lægri innkaupakostnaði vegna minni vörusölu, en á móti hækkar þjónustukostnaður á milli ára vegna fjölgunar viðskiptavina. Laun og launatengd gjöld nema samtals 1.796 m.kr. og hækka um 86 m.kr. sem nemur 5,0% hækkun. Sú hækkun skýrist einna helst af almennum launahækkunum á milli ára en stöðugildi eru óbreytt milli ára. Annar rekstrarkostnaður nemur samtals 827 m.kr. og lækkar um 10 m.kr. sem nemur 1,1% lækkun á milli ára. Á fyrri helmingi samanburðarárs voru gjaldfærðir 66 m.kr. einskiptisliðir vegna skráningar félagsins á hlutabréfamarkað undir öðrum rekstrarkostnaði. Ef samanburðarár er leiðrétt fyrir þeim einskiptiskostnaði þá hækkar rekstrarkostnaður um 56 m.kr. þ.e. 7,2% sem skýrist af almennum verðlagshækkunum.

EBITDA hækkaði um 9,4% frá fyrra ári og nam samtals 3.979 m.kr. á tímabilinu. EBITDA hlutfall tímabilsins er 30,6% samanborið við 28,8% á sama tímabili á fyrra ári.

Rekstrarhagnaður (EBIT) hækkaði um 13,1% og nam samtals 1.826 m.kr. samanborið við 1.615 m.kr. á fyrra ári. Hagnaður tímabilsins var 729 milljónir og hækkar um 190 milljónir frá fyrra ári sem nemur 35,1% hækkun.

## Efnahagur

	31.12.2023	31.12.2022	Breyting	%
Viðskiptavild	10.049	10.049	0	0,0%
Óefnislegar eignir	1.639	1.637	2	0,1%
Rekstrarfjármunir	4.030	3.863	167	4,3%
Leigueignir	4.292	4.060	232	5,7%
Aðrar eignir	3	3	0	0,0%
Tekjuskattsinneign	467	378	98	25,9%
<b>Fastafjármunir samtals</b>	<b>20.488</b>	<b>19.989</b>	<b>499</b>	<b>2,5%</b>
Birgðir	405	411	-6	-1,4%
Viðskiptakröfur	1.125	1.145	-20	-1,8%
Aðrar skammtímakröfur	655	562	93	16,5%
Handbætt fé	497	665	-168	-25,2%
<b>Veltufjármunir samtals</b>	<b>2.681</b>	<b>2.782</b>	<b>(-101)</b>	<b>-3,6%</b>
Eignir samtals	23.170	22.772	398	1,7%
Eigið fé	9.277	9.053	224	2,5%
Vaxtaberandi langtímaskuldir	1.995	2.304	-309	-13,4%
Tekjuskattsskuldbinding	0	0	0	0,0%
Leiguskuldbindingar	6.329	6.039	290	4,8%
Aðrar skuldir	2.964	2.795	168	6,0%
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>11.287</b>	<b>11.138</b>	<b>149</b>	<b>1,3%</b>
Næsta árs afb. langtímaskulda	100	129	-29	-22,8%
Viðskiptaskuldir	813	947	-134	-14,1%
Ógreiddir skattar	275	254	21	8,2%
Næsta árs afb. leiguskuldb. og annarra skulda	244	224	20	8,7%
Aðrar skammtímaskuldir	1.174	1.026	148	14,4%
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>2.606</b>	<b>2.580</b>	<b>25</b>	<b>1,0%</b>
<b>Skuldir samtals</b>	<b>13.893</b>	<b>13.718</b>	<b>174</b>	<b>1,3%</b>

Fastafjármunir félagsins námu 20.488 m.kr. í lok tímabilsins en voru 19.989 m.kr. um áramót árið á undan. Óefnislegar eignir og rekstrarfjármunir breytast í takt við afskriftir og fjárfestingar á tímabilinu. Leigueignir hækka lífillega vegna nýrra viðbóta og áhrifa vísitöluhækkana umfram afskriftir.

Veltufjármunir félagsins námu samtals 2.681 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.782 m.kr. um áramót árið á undan.

Eigið fé félagsins nam 9.277 m.kr. í lok tímabilsins en var 9.053 m.kr. um áramót. Eiginfjárhlutfall félagsins var 40,04% í lok tímabilsins samanborið við 39,8% um áramót árið á undan.

Langtímaskuldir félagsins námu samtals 11.287 m.kr. í lok tímabilsins en voru 11.138 m.kr. um áramót árið á undan. Vaxtaberandi langtímaskuldir lækka með samningsbundnum afborgunum auk umframgreiðslu sem framkvæmd var í nóvember, en leiguskuldbindingar og aðrar skuldir hækka lífillega með nýjum viðbótum umfram afborganir.

Skammtímaskuldir félagsins námu 2.605 m.kr. í lok tímabilsins en voru 2.580 m.kr. um áramót árið á undan.

## Sjóðstreymi

	4F 2023	4F 2022	12M 2023	12M 2022
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>961</b>	<b>979</b>	<b>3.979</b>	<b>3.637</b>
Breytingar á rekstrarfengdum eignum og skuldum	158	120	(-59)	(-69)
Vaxtatekjur (Vaxtagjöld)	(-132)	(-161)	(-673)	(-684)
Greiddir skattar	22	(-1.048)	(-232)	(-1.161)
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>1.010</b>	<b>(-110)</b>	<b>3.015</b>	<b>1.723</b>
Fjárfesting í rekstrarfjármunum	(-391)	(-452)	(-1.566)	(-1.555)
Fjárfesting í óefnilegum eignum	(-273)	(-80)	(-490)	(-308)
Söluverð rekstrarfjármuna	0	0	0	5.408
Fjárfesting í dóttur- eða a hlutdeildarfélagi	0	0	0	(-119)
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>(-664)</b>	<b>(-529)</b>	<b>(-2.056)</b>	<b>(-1.860)</b>
Keypt eigin bréf/Hækkun á hlutafé	(-270)	0	(-505)	3.395
Afborgun leiguskuldbindinga	(-49)	(-54)	(-194)	(-163)
Afborgun annarra langtímaskuldbindinga	(-13)	(-10)	(-47)	(-39)
Tekin ný langtímalán	2.100	0	2.100	0
Aðrar langtímaskuldbindingar, ný lán	0	105	0	105
Afborganir langtímalána	(-2.384)	(-33)	(-2.483)	(-4.679)
<b>Fjármögnunarahreyfingar</b>	<b>(-616)</b>	<b>8</b>	<b>(-1.129)</b>	<b>(-1.381)</b>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé	(-270)	(-631)	(-170)	(-1.518)
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	1	1	2	4
Handbært fé í upphaf tímabilsins	766	1.295	665	2.179
<b>Handbært fé í lok tímabilsins</b>	<b>497</b>	<b>665</b>	<b>497</b>	<b>665</b>

Veltufé frá rekstri nam 3.979 m.kr. á tímabilinu samanborið við 3.637 m.kr. á fyrra ári. Handbært fé frá rekstri er 3.015 m.kr. og hækkar frá 1.723 m.kr. á fyrra ári, hækkunin skýrist af hærra veltufé frá rekstri og óvenju háum greiddum sköttum í lok samanburðarárs vegna sölu óvirkra innviða 2021.

Fjárfestingahreyfingar námu 2.056 m.kr. samanborið við 1.860 m.kr. á fyrra ári, hækkun skýrist m.a. vegna útgáfu tíðnileyfa.

Fjármögnunarahreyfingar eru 1.129 m.kr. á tímabilinu samanborið við 1.381 m.kr. á sama tímabili á fyrra ári. Á fyrri helming síðasta árs var hlutafé hækkað um 3.395 m.kr., sem var ráðstafað til greiðslu inn á vaxtaberandi skuldir. Í nóvember greiddi Nova 300 m.kr. viðbótargreiðslu, umfram samningsbundnar greiðslur, til lækkunar á vaxtaberandi skuldum félagsins og í lok árs endurfjármagnaði félagið langtímalán sín með nýju langtímalán upp á 2.100 m.kr. Í lok maí á síðasta ári hóf félagið endurkaup hlutabréfa í samræmi við samþykkt aðalfundar frá því í mars. Á tímabilinu hefur félagið keypt 122 milljónir eigin hluta fyrir heildarupphæð 505 m.kr.

## Horfur fyrir árið 2024

Félagið gerir ráð fyrir að tekjur verði á bilinu 13.100 m.kr. til 13.700 m.kr. og EBITDA verði á bilinu 3.800 m.kr. til 4.100 m.kr. Einnig er áætlað að heildar fjárfestingar verði um það bil 12%-14% af heildartekjum.

## Kynningarfundur 28. febrúar

Kynningarfundur fyrir markaðsaðila og fjárfesta vegna uppgjörins verður haldinn miðvikudaginn 28. febrúar kl. 8:30 hjá Nova, Lágmúla 9 á 4. hæð. Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri ásamt Þórhalli Jóhannssyni fjármálastjóra kynna uppgjórið og svara fyrirspurnum. Boðið verður uppá beint streymi sem hægt er að nálgast ásamt kynningarefni á heimasíðu Nova <https://www.nova.is/fjarfestar>. Hægt er að senda inn spurningar á [fjarfestatengsl@nova.is](mailto:fjarfestatengsl@nova.is)

## Þjónusta við hluthafa og fjárfesta

Á fjárfestavef Nova Klúbbsins <https://www.nova.is/fjarfestar> geta hluthafar og fjárfestar nálgast ítarlegri upplýsingar um businessinn hjá Nova Klúbbum í sögulegu samhengi. Námskeið á vegum Akademías í úrlestri ársreikninga, er aðgengilegt á vef Nova.

Fjárfestar og hluthafar geta skráð sig í aðdáendaklúbbinn og þannig fengið fjárfestafréttir með öllum nýjustu fréttum, upplýsingum um reksturinn, uppgjör og viðburði sendar beint á netfangið sitt.

## Fjárhagsdagatal 2024

Aðalfundur 2024	21. mars 2024
Uppgjör 1F 2024	24. apríl 2024
Uppgjör 2F 2024	22. ágúst 2024
Uppgjör 3F 2024	24. október 2024
Ársuppgjör 2024	27. febrúar 2025
Aðalfundur 2025	27. mars 2025

## Nova

Nova var stofnað árið 2006 og er nú orðið eitt af stærstu og öftugustu fjarskiptafyrirtækjum landsins. Fyrirtækið á og rekur sína eigin virku innviði vítt og breitt um landið. Í Nova liðinu eru um 150 starfsmenn á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og Selfossi. Nova hefur frá upphafi verið í farabroddi í innleiðingu nýjustu tækni og hefur fjárfest markvisst í uppbyggingu virkra innviða í sinni eigu sem mun tryggja Nova áframhaldandi forystu á fjarskiptamarkaði. Farsíma- og netkerfi Nova nær til 98% landsmanna.

## Nánari upplýsingar

Margrét Tryggvadóttir, skemmtana- & forstjóri, [margret@nova.is](mailto:margret@nova.is), s. 770 1070  
Þórhallur Jóhannsson, fjármálastjóri, [thorhallurj@nova.is](mailto:thorhallurj@nova.is), s. 770 1090.

## Tekjuflokkar

### FlakkNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fjarskiptasenda. Þar með talið tekjur fyrir gagnanotkun gegnum farsíma og netbúnað. Einnig reikitekjur, samtengitekjur og aðrar tengdar tekjur.

### FastNet

Tekjur af þjónustu sem nýtir fastnet. Þar með talið tekjur fyrir ljósleiðaratengingar og aðrar gagnatengingar yfir fastnet. Einnig aðgangsgjald, leiga á búnaði og aðrar tengdar tekjur.

### Vörusala

Tekjur af sölu á símtækjum, netbúnaði, aukahlutum og öðrum búnaði.

### Aðrar tekjur

Tekjur af annarri fjarskiptatengdri starfsemi sem fellur ekki undir ofangreinda ffokka, svo sem fastlínubjónusta, samrekstur, endursala á þjónustu o.ft.. Auk annarra rekstrartekna.